



## Fundargerð: Auka Stjórnarfundur Félags sjúkraljófara

Dagsetning 30.03.2026 (21:00 – 23:00)

Fundarmenn: Gunnlaugur Már Briem, Þóra Björg Sigurbórsdóttir (fundarritari), Kári Árnason og Guðný Björg Björnsdóttir

Fundarefni:

### 1. Aðalfundur FS

Aðalfundur félagsins verður haldinn þann 14. apríl n.k. í Borgartúni 27 kl. 17:00.

Fundarefni og dagskrá send út 1.apríl 2026 skv. lögum félagsins.

Stjórn fór yfir stöðu nefnda og möguleg framboð í tengslum við skipulagningu dagsins.

Rætt var um hvort ástæða væri til að skoða með heildstæðum hætti fjölda nefnda og verkefna og hvernig best sé að tryggja öflugt starf félagsins.

Ákveðið var að stjórn myndi funda með fulltrúum fræðslunefndar til að styrkja samtal og styðja við stefnumörkun nefndarinnar.

Rætt var um tillögu er varðar aðildargjöld á komandi aðalfundi. Stjórn ákvað að leggja ekki til breytingar aðildargjöldum, verður það útskýrt á komandi aðalfundi.

### 2. Dagur sjúkraljófunar

Stjórn ræddi hugsanlegt fyrirkomulag á undirbúningi Dags sjúkraljófunar og hvernig hægt væri að styrkja enn frekar undirbúning og skerpa á hlutverkaskiptingu skrifstofu félagsins og fræðilegs hluta dagsins sem væri í höndum framkvæmdanefndar.